

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 50/1911:

Björn Gíslason

gegn

Einari M. Jónassyni.

D ó m u r.

Mál þetta höfðaði stefndi, yfirréttarmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Birni Gíslasyni, útgerðarmanni, fyrir ærumeiðingar í grein með nafni áfrýjanda undir, er birtist í Þjóðólfi 21. tbl. 63. árgangs hinn 27. maí f. á. með yfyrskriftinni »Aðsent«, og var málið dæmt í nefndum rétti 5. okt. f. á., þannig, að flest hin átöldu ummæli í blaðgreininni voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur fyrir þau samkvæmt 217. gr. sbr. 218. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga í 200 kr. sekt til landsjóðs, eða til vara í 50 daga einfalt fangelsi, svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda 1000 kr. í skaðabætur fyrir traustspjöll og í málskostnað 20 krónur.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 24. okt. f. ár, og hefir hann krafist þess, að hann verði algjörlega syknaður í málinu af kær-um og kröfum stefnda, en stefndi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, eða til vara að málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn

stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur.

Ummæli þau í áðurnefndri Þjóðólfsgrein, sem áttalin hafa verið í máli þessu af stefnda sem meiðandi fyrir hann, og sem til álíta geta komið fyrir yfirdóminum, eins og málið liggur fyrir, eru þessi: »vasaprokurator«, »braskari«, »sem hann braskaði inn á mig og sveik mig á«, »þessu lýgur dóninn«, »eða heimsku sinni, sem kemur fyrir sama«, »Ekki lýginni líkt að tarnal«, »Auðvitað varð dóninn að afturkalla það, og slepti eg honum í það sinn við að komast undir manna hendur í svipinn«, »Eða hvað hefir þú gjört við 150 kr. víxil, sem eg fekk þér til innköllunar síðastl. sumar?« »Hvað hefir þú gjört við 150 kr., sem eg greiddi þér upp í 380 kr. víxil Þórðar Eiríkssonar, en sem þú ekki svífist að krefja hann um að fullu?« og »Hvað gekk þér til, þegar þú að mér óafvitandi og óviljandi tókst 6 stórskipsegl, sem eg átti, og seldir síðastliðið sumar í Ólafsvík? Því hefir þú enga skilagrein gjört mér fyrir þessu tiltæki þínu?« »Ef þú ekki svarar fullnægjandi þessum spurningum, hefir þú vissulega með háttalagi þínu unnið þér inn tukthús, og flengingu í aukagetu«.

Það verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir talið ummæli þessi, sem áfrýjandinn hefir að engu leyti réttlætt, freklega meiðandi, móðgandi og óvirðandi fyrir stefnda, ýmist ein sér eða í sambandi hver við önnur, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og verður áfrýjandi að sæta ábyrgð fyrir þau.

Áfrýjandi hefir borið fyrir sig sér til varnar, að hin átalda grein, eins og hún bendir sjálf til, sé full afsakanlegt svar upp á ærumeiðandi árás á hann af stefnda

hálfu í grein, er birtist 3 dögum áður í blaðinu Ingólfi, með fyrirsögninni »Landsbankastjórnarnir«, en í grein þeirri skýrir stefndi frá því, að hann hafi gjört ráðstafanir til sakamálahöfðunar gegn áfryjanda fyrir sviksamlegt athæfi, og krefst áfryjandi fullkominnar sýkunar í málinu af þessum sökum. Nefnd grein í Ingólfi greinir reyndar ekki nafn áfryjanda, en þar er atvikum lýst svo ákveðið, að það er sannað, að þar getur ekki verið átt við annan mann en áfryjanda, enda er því eigi heldur beint neitað af stefnda, að greinin eigi við hann. Með því að stefndi í grein þessari hafði að fyrri bragði dróttað sviksamlegu athæfi að áfryjanda og skýrt frá því, að hann, áfryjandi, hefði gjört ráðstafanir til sakamálahöfðunar gegn honum, og stefndi hefir ekki réttlætt þessa ærumeiðandi aðdróttun að neinu leyti, en kæru hans yfir áfryjanda virðist ekki hafa verið sint af yfirvöldunum, verður að telja aðdróttunina ástæðulausa og óréttmæta, og þykir þá rétt að tekið sé tillit til tilefnis þess, er stefndi hefir með henni gefið til árásar áfryjanda á hann. Sektin fyrir hin átöldu ummæli, er mál þetta snýst um, og sem af héraðsdóm-aranum voru réttilega heimfærð undir 217. gr., sbr. 218. gr. og 219. gr. alm. hegningarlaga, þykir því með skírskotun til 221. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 150 kr. eða til vara 35 daga einfalt fangelsi. Að því er snertir skaðabótakröfu stefnda á hendur áfryjanda, þá hefir stefndi ekki sannað eða fært neinar líkur fyrir, að grein áfryjanda hafi spilt að neinu högum hans, svo að tjón hafi hlotist af, og það verður eigi heldur talið sjálfsagt eða sennilegt, að greinin, sem er fljótfærnislega samin, og bersýnilega framkomin að eins í þeim tilgangi að ná sér niðri á stefnda fyrir áðurgjörða árás, hafi spilt atvinnu hans eða

áliti, svo að bætur eigi að koma fyrir; þykir því eigi næg ástæða til að dæma stefnda skaðabætur hjá áfrýjanda samkvæmt kröfu hans.

Um málskostnað í héraði samþykkist ákvæði bæjarþingsdómsins, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Björn Gíslason greiði 150 króna sekt til landsjóðs, sæti ella 35 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki öll greidd í ákveðinn tíma. Um ómerking meiðyrða og um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdóminum óraskað, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. dag janúarmán.

Nr. 29/1911:

Þórður J. Thoroddsen  
gegn

Ólafi V. Ófeigssyni o. fl.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Ólafur V. Ófeigsson verzlunarstjóri í Keflavík, fyrir sína hönd og fyrir hönd Ágústs Jónssonar bónda í Höskuldarkoti, Ársæls Jónssonar